

leg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 29/2004.

*Ísafjarðarbæ, 14. janúar 2005.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

**um skrá Hjúkrunarheimilisins Eirar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir áðurnefnda grein:

*Hjúkrunarfræðingar:*

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur yfir öllu heimilinu á næturvakt	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á morgunvakt (7 deildir)	9,8 stöður
Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á kvöldvakt (7 deildir)	9,8 stöður

*Sjúkraliðar:*

Sjúkraliðar á hverja deild, morgun-, kvöld- og næturvaktir (7 deildir)	5,75 stöður
------------------------------------------------------------------------	-------------

*Reykjavík, 20. janúar 2005.*

Hjúkrunarheimilið Eir,

**Birna Kr. Svavarsdóttir** hjúkrunarforstjóri.

## GJALDSKRÁ

**fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ.**

## 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,22% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.